

SÚPERSTAR

Leikfélög Umf. Grettis og Kormáks munu setja upp sýninguna SÚPERSTAR í Félagsheimilinu Hvammstanga um komandi páska.

Sýningardagar eru miðvikudagurinn 23. mars, föstudagurinn langi 25. mars, laugardaginn 26. mars og annar í páskum 28. mars. Sýningarnar hefjast kl. 21:00 og er miðaverð 4.000 kr.

Opið er fyrir miðapantanir á sýninguna í síma 455-2506 hjá Ingibjörgu kl. 08:00-12:00 og 13:00-16:00 eða á netfanginu umf.grettir@gmail.com til 20. mars n.k.

Sjávarborg mun bjóða uppá kvöldverðartilboð öll sýningarkvöld. Borðapantanir eru í síma 451-3131 Hægt er að velja á milli tveggja mismunandi 3ja rétta matseðla.

Páskalamb:

- Grillaðar risarækjur
í fersku mangó salsa -
Lambalund, sætar kartöflur og soðsósá - Vanillubúðingur,
rjómi og súkkulaðisósá
Verð: 5990 kr á mann

Páskakanína:

- Hrefnu tataki með brenndri smjörðressingu -
Hægelduð kanína á hrísgrjónabeði - Súkkulaði kaka
Verð: 6990 kr á mann

Tilvalið að gera páskakvöldstund að húnvetnsku matar- og menningarkveldi.

Sjónaukinn

7. tbl 31. árg
17. - 23. feb 2016

Útg. Umf. Kormákur
Ábm. Pétur Arnarsson



Netfang: sjonaukinn@simnet.is Uppl. í síma 8482017



Kormákur-Stál-úlfur Íslandsmót karla í körfuknattleik 3.deild Íþrottamiðstöðin Hvammstanga Laugardaginn 20.feb klukkan 14:00

Nú fer að stytast í tímabilinu hjá Kormáksmönnum og hörð barátta fram undan um sæti í úrslitakeppninni í 3.deild. Eftir tvo slæma leiki í röð hjá okkar mönnum er komin tími til að menn fari að rífa sig úr þorablóts gallann og mæta í drullugallanum tilbúnir að leggja sig fram til sigurs. Allir heimaleikir hafa unnist fram að þessu og verða menn að spýta í til að viðhalda þeim árangri. Svo það sé hægt þarf stuðning ykkar í íþróttahúsið kl 14:00 á laugardag.

Leikurinn er í boði
Fæðingarorlofssjóðar og aðdáendasíðu Kormáks

Allir að mæta
Körfuknattleiksdeild Kormáks



<https://www.facebook.com/kormakurkarfa/?fref=ts>

Einskisnýta pælingin

Sjónaukinn óskar eftir áhugasömum einstakling til að taka að sér að skrifa fyrstu pælingu ársins í næsta tölublað sjónaukans.

Eins ef fólk veit um einhverja góða penna sem það vill sjá skrifa pælinguna endilega senda póst á sjonaukinn@simnet.is og við munum „hjóla“ í þann einstakling :)

***Auglýsingar verða að hafa
borist fyrir kl. 21:00 á mánudagskvöldum***

***Netfang: sjonaukinn@simnet.is
Upplýsingar í síma 8482017
Valdimar Gunnlaugsson***

"Ferðamálafélag Vestur-Húnavatnssýslu auglýsir

Opinn og uppbyggilegan vinnufund um
Áherslur í vörubróun, markaðssetningu og
samstarfi í Ferðapjónustu í Húnaþingi vestra
Fimmtudaginn 18. Febrúar frá kl. 17:00 – 19:00 á
Sveitasetrinu Gauksmýri

Brauð og súpa
Fundarstjóri er Davíð Jóhannsson, ráðgjafi á
sviði ferðamála hjá SSNV

Allir velkomnir"

Hestar fyrir alla

Fyrirhugað er að halda reiðhallarsýningu Þyts
-Hestar fyrir alla-

föstudaginn 18. mars næstkomandi.

Sýningin verður haldin í samstarfi æskulýðsnefndar Þyts
og annara félagsmanna.

Og vonast nefndin auðvitað eftir góðum undirtektum félagsmanna.
Til að halda sýningu verðum við að hafa atriði og þess vegna leitum við til
ykkar félagsmenn góðir, sem og annarra áhugasamra.

Lumar þú á góðri hugmynd að atriði sem vantar að komast í framkvæmd?
Er áhugi til að vera með til staðar en vantar félagsskapinn? Ertu með efnilegt
hross sem þér langar að koma á framfæri? Og svona mætti lengi telja upp.

Klárhross, Alhliðahross, Stóðhestar/merar, Ræktunarbú og önnur
Kynbótahross velkomin sem og önnur þau atriði sem fólki dettur í hug
Allir velkomnir.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í sýningunni eru hvattir til að hafa
sambandi við

Kollu eða Tótu fyrir 20. febrúar næstkomandi
Kolla Grétarsd. S: 894-4966 /hellnafell@gmail.com Tóta s: 869-0353 /
sigurbjorg.thorunn@gmail.com

Og þeir krakkar sem vilja vera með endilega verið í sambandi við
Æskulýðsnefndina á thyturaeska@gmail.com

Hlökkum til að heyra frá ykkur
Sýningarnefnd Þyts

Til sölu

Hágæða eldhúspappír og klósettpappír

***Nánari upplýsingar veitir
Valdimar Gunnlaugsson
8482017***

Netfang: kormakur@simnet.is

Gangnamenn á Viðidalstunguheiði fyrr og nú og aðrir áhugasamir
n.k laugardagskvöld 20 feb kl 20,30 ætlar Hollvinafélag
Viðidalstunguheiðar að halda gangnakvöldvöku á Sindrastöðum.

Þar á að sýna myndir úr göngum og réttum frá ýmsum
tímum, rifja upp eftirminnilegar stundir en umfram allt eiga
saman góða kvöldstund.

Allir velkomnir.

Stjórnin.

Kormáks fréttir

Nú eru æfingamótin í fótbolta komin á fullt og segjum við ykkur hér frá því
helsta sem hefur verið í gangi undanfarnar vikur.

15-16 ára stúlkur frá Kormák, Hvöt og Tindastól héldu á Stefnumót KA
helgina 29.-31. jan. sl. Voru tvö lið frá okkur á mótinu og náðist ágætis
árangur.

Helgina 5.-7. feb hélt sameiginlegt lið drengja 15-16 ára, frá Kormák, Hvöt
og Tindastól á Stefnumót KA á Akureyri.

Tvö lið voru frá okkur á mótinu og voru spilaðir fimm leikir á hvort lið.
Engir sigrar unnust en mikilvæg reynsla náðist og strákarnir skemmtu sér
vel saman alla helgina.

4.flokkur stráka fór á Stefnumót KA núna um sl. helgi. Voru þar einnig tvö
lið frá Kormák, Hvöt og Tindastól. Voru spilaðir margir leikir og voru allir
drengirnir þreyttir en ánægðir við heimkomuna,

Körfubolti

Meistaraflokkur karla hefur spilað tvo leiki síðan magnaður sigur náðist
gegn ÍBV hér á heimavelli þann 24.jan. Skammt er frá því að segja að
eitthvað situr í okkar mönnum því að báðir leikir hafa tapast stórt.

Fyrst gegn Laugdælum á Laugarvatni og tapaðist leikurinn 52-86.
Svo héldu menn upp á skipaskaga á sunnudaginn 14.02 og biðu þar lægri
hlut 36-74. Eitthvað þurfa menn að fara að hysja upp um sig og vonandi
gera menn það á laugardaginn gegn Stál-úlfi hér á heimavelli.

Hvammstangakirkja



Konudagsmessa verður haldin á konudaginn,
þ.e. 21. febrúar nk. kl. 11.00.

Félagar úr lionsklúbbnum Bjarma eru
messuhópur dagsins.

Taka þeir þátt í messunni, færa öllum
konum rós og bjóða upp á súpu og brauð að messu lokin-
ni.

Sunnudagaskóli verður haldinn á sama stað
21. febrúar kl. 13.00.

Söngur, sögur, líf og leikur.

Hressing í safnaðarheimili að stundinni lokinni.

Allir velkomnir

Sóknarprestur

Eldri borgarar.

Hefur þú áhuga á að koma á námskeið í orkeringu
og eða postulínsmálun sem verður fljótlega?
Áhugasamir hafi samband við Stellu í síma 8656075



Húnaþing vestra

Hvammstangaþraut 5, 530 Hvammstangi
Sími 455-2400 Fax 455-2409
www.hunathing.is

Kökubasar

Í tilefni konudagsins sunnudaginn 21 feb. verður Kvenfélagið Ársól
með kökubasar í KVH föstudaginn 19 feb. nk kl 14.00 allur ágóði
rennur til góðra málefna i heimahéraði.

Þorrablot UMF Hörpu og kvenfélagsins lðunnar

verður haldið í skólahúsinu á Borðeyri
þann 20. febrúar.

Húsið opnar kl 20.00 og borðhald hefst
kl 20.30

Hljómsveitin Ljósbrá heldur uppi fjöri og matur
kemur frá Dalakoti í Búðardal.

Miðaverð er 7000 kr á allt saman, 2500kr bara
á dansleik

Enginn posi verður á staðnum, en hægt
verður að leggja inn á reikning UMF Hörpu
fyrirfram og losna við harkalegar
innheimtuaðgerðir á staðnum!

Pantanir þurfa að berast fyrir
föstudaginn 19. febrúar

Miðapantanir og frekari upplýsingar veita:
Katrín Kristjánsdóttir, 8922942
Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir, 8499852
Olivia Weaving, 4511156

Mætum öll og kveðjum þorrann með stæl

Nefndin

Starfsmenn óskast til sumarafleysinga

**Óskum eftir að ráða starfsmenn til afleysinga á sjúkradeild í eftirfarandi störf í
sumar:**

- Sjúkraliða í vaktavinnu.
- Almenna starfsmenn í vaktavinnu við umönnun og almennum störf á deildinni.
- Starfsmann í ræstingu, um er að ræða dagvinnu virka daga og unnið aðra hverja helgi.
Starfsmann í bítibúr, vinnutími frá 17 – 21, unnið aðra hverja helgi.

Sjúkraliðar og almennir starfsmenn við umönnun þurfa að geta tekið næturvaktir.

Óskum að ráða starfsmenn til afleysinga í eldhúsi í sumar:

- Matráð vinnutími frá 8 – 16.
Aðstoðarmann í eldhúsi vinnutími frá 8 -14.

Hæfniskröfur

Jákvæðni og góð samskiptahæfni
Snyrtimennska og stundvísi
Góð íslenskukunnátta

Starfshlutfall eftir samkomulagi. Launakjör skv. samningum viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 7. mars 2016.

Nánari upplýsingar um störfin veita Sigurbjörg Geirsdóttir hjúkrunarfræðingur í sínum
432 1310 og 895 2993 eða sigurbjorg.geirsdottir@hve.is og Guðmundur Haukur
Sigurðsson svæðisfulltrúi í síma 432 1311 og 893 4378 eða
guðmundur.sigurdsson@hve.is.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu HVE. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun
liggur fyrir.

Senda þarf umsóknir á netfangið johanna.johannesdottir@hve.is eða
guðmundur.sigurdsson@hve.is.

HVE er reyklusinn vinnustaður

Nánari upplýsingar um Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga er að finna á [http://
www.hve.is/islenska/hvammstangi/](http://www.hve.is/islenska/hvammstangi/)

Heilbrigðisstofnun Vesturlands Hvammstanga

